

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Uns við hittumst heil

Thomas S. Monson forseti

Kæru bræður og systur, ég er fullur þakklætis er ég lýk þessari dásamlegu aðalráðstefnu kirkjunnar. Við höfum hlotið andlega næringu við að hlusta á leiðsögn og vitnisburð allra þeirra sem hér hafa tekið til máls. Ég þykist viss um að ég mæli fyrir munn allra meðlima hvarvetna þegar ég tjái innilegt þakklæti fyrir þann sannleika sem okkur hefur verið kenndur. Við gætum tekið undir orð þeirra sem hlýddu á ræðu hins mikla Benjamíns konungs í Mormónsbók, „[hrópað] einum rómi og [sagt]: Já, við trúum öllum þeim orðum, sem þú hefur til okkar mælt. Og við vitum einnig, að þau eru áreiðanleg og sönn, því að andi Drottins almáttugs hefur [sagt okkur það].“¹

Ég vona að við gefum okkur tíma til að lesa ráðstefnuræðurnar, sem gefnar verða út í nóvember útgáfu tímaritanna *Ensign* og *Liahóna*, því þær verðskulda að við gefum þeim vandlega gaum.

Hve mikil blessun það er að hafa átt þess kost að koma saman hér í þessari stórkostlegu ráðstefnuhöll, í friði og huggun og öryggi. Umfang ráðstefnunnar er fordæmislaust, spannar yfir höf og meginlönd og nær til fólks hvarvetna. Þótt vegalengdin sé löng á milli okkar, skynjum við anda ykkar og færum ykkur þakkir og elsku.

Ykkur, bræðrunum sem hafið verið leystir frá störfum á ráðstefnunni, færi ég innilegar þakkir frá okkur öllum fyrir þau mörgu ár sem þið hafið þjónað dyggilega. Þeir eru óteljandi sem hlotið hafa blessun af framlagi ykkar til verks Drottins.

Laufskálakórinn og aðrir þeir kórar sem tekið hafa þátt í ráðstefnunni hafa sannlega miðlað okkur himneskri tónlist og aukið þannig fegurð alls annars sem hér hefur átt sér stað. Ég þakka ykkur fyrir að leyfa okkur að njóta tónlistarhæfileika ykkar.

Ég þakka fyrir mína kæru og trúföstu ráðgjafa, Henry B. Eyring forseta og Dieter F. Uchtdorf forseta. Þeir eru sannlega menn visku og skilnings, og þjónusta þeirra er ómetanleg. Ég gæti ekki komið öllu því í verk sem mér ber án stuðnings þeirra. Ég ann og dái bræður mína í Tólfpostulasveitinni og alla í sveitum hinna Sjötíu og í Yfirbiskupráðinu. Þjónusta þeirra er óeigingjörn og árangursrík. Ég færi einnig þeim körlum og konum þakkir sem þjóna í embættum aðalráða aðildarfélaganna.

Hve blessuð við erum að hafa hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists. Það veitir svör við spurningum líkt og hvaðan við komum, hvers vegna við erum hér og hvert við förum að þessu lífi loknu. Það gefur lífi okkar merkingu og tilgang og von.

Við lifum í hrjáðum heimi, heimi margvíslegra áskorana. Við erum hér á þessari jörðu til að glíma við okkar persónulegu áskoranir eins vel og kostur er, læra af þeim og sigrast á þeim. Við verðum að standast allt til enda, því að takmark okkar er eilíft líf í návist föður okkar á himnum. Hann elskar okkur og þráir ekkert fremur en að við náum því takmarki.

Hann mun hjálpa okkur og blessa þegar við áköllum hann í bænum okkar, lærum orð hans og höldum boðorð hans. Í því felst öryggi; í því felst friður.

Megi Guð blessa ykkur, bræður mínir og systur. Ég þakka ykkur fyrir bænir ykkar í minn garð og í garð allra aðalvaldhafanna. Við erum innilega þakklátir fyrir ykkur og allt sem þið gerið til framgangs ríkis Guðs á jörðu.

Megi blessanir himins vera með ykkur. Megi heimili ykkar fyllast elsku og háttrýði og anda Drottins. Megið þið stöðugt næra vitnisburð ykkar um fagnaðarerindið, svo hann veiti ykkur vernd gegn andstæðingnum.

Ráðstefnunni lýkur nú. Megi öryggið vera í fyrirrúmi er við höldum til heimila okkar. Megi sá andi sem við höfum fundið hér vera með okkur er við tökumst á við okkar daglega líf. Megum við sýna hvert öðru aukna gæsku; megum við ætíð helga okkur verki Drottins.

Ég elska ykkur; ég bið fyrir ykkur. Ég kveð ykkur uns við hittumst heil að sex mánuðum liðnum.

Í nafni Drottins okkar og frelsara, já, Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Mósía 5:2.